

## Efnagreining vatnssýnis úr uppsprettu í Efri-Reykjalandi í Biskupstungum

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-85-06**

EFNAGREINING VARNSSÝNIS ÚR UPPSPRETTU Í EFRI-REYKJALANDI Í  
BISKUPSTUNGUM

Þann 5. júlí 1984 var tekið vatnssýni til efnagreiningar úr 11°C heitri uppsprettu í landi Efri Reykja í Biskupstungum. Uppsprettan kemur fram á bökkum lækjarins Fullsæll rétt áður en hann rennur í Brúará. Rennsli er talsvert en dreift á mörg smáaugu og sytrur. Stærsta uppstreymisrásin er yfirbyggð og vatnið nýtt sem neysluvatn fyrir sumarbústað sem stendur á lækjarbakkanum ofan við uppsprettuna. Hvítar útfellingar eru talsvert áberandi umhverfis útstreymisaugun og reyndar einnig á mörgum stöðum þar sem ekkert rennsli er sjáanlegt á lækjarbakkanum.

Niðurstöður efnagreiningar á vatnssýninu voru eftirfarandi:

Sýni	Hiti °C	pH/°C	SiO <sub>2</sub> mg/kg	Na mg/kg	K mg/kg	Ca mg/kg	Mg mg/kg	CO <sub>2</sub> mg/kg	SO <sub>4</sub> mg/kg	H <sub>2</sub> S mg/kg	Cl mg/kg	F mg/kg	Heildar- styrkur uppl.efna
840121	11,0	7,41/23	32,1	15,3	8,01	13,15	4,08	61,8	4,6	0,05	25,9	0,17	128

Sýnir vatnið flest einkenni kalds grunnvatns, en jarðhitaáhrif eru einnig greinileg. Efnagreiningin bendir því til þess að vatnið í uppsprettunum sé blanda af köldu grunnvatni og afrennsli frá jarðhita-svæðinu á Reykjum.

Frekari jarðhitaathugun á þessum stað er ekki talin vænleg til árangurs.